

## **11. Fundur Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps. Haldinn í fjarfundi 6. Apríl 2021 kl. 10:00.**

Ragnheiður Pálsdóttir formaður býður fólk velkomið og setur fundinn. Gengið til dagskrár.

Mættir eru: Jóhanna Ösp Einarsdóttir sem fulltrúi Reykhólahrepps. Embla Dögg boðaði forföll. Ragnheiður Pálsdóttir og Sigríður Huld Skúladóttir sem fulltrúar Dalabyggðar. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir fyrir hönd félags eldri borgara. Kristín Inga Kristjánsdóttir boðaði forföll. Þórunn Björk Einarsdóttir fyrir hönd HVE. Jón Egill Jónsson tómstundafulltrúi Dalabyggðar. Soffía Guðrún Guðmundsdóttir Félagsmálastjóri Reykhóla og Stranda. Félagsmálafulltrúi Dalabyggðar boðaði forföll.

### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

*Ragnheiður Pálsdóttir las fundargerðina. Engar athugasemdir við fundargerðina.*

### **2. Samgöngur**

*Samgöngur eldri borgara í sveitarfélögunum. Strætó fer á milli Búðardals og Borgarness á miðvikudögum, föstudögum og sunnudögum. Stætó fer frá Króksfjarðarnesi á föstudögum og sunnudögum.*

*Mikilvægt að sveitarfélögin fylgist vel með A.12 og A.10. verkefnum í byggðaaáætlun og kanni möguleika á að fá pening til að ýta undir akstur í þágu eldri borgara.*

### **3. COVID 19**

*Þórunn Björk Einarsdóttir fór yfir stöðu bólusetningar á svæðinu. Stór hluti 70 ára og eldri hefur verið bólusettur með fyrstu sprautu.*

### **4. Tómstundir**

*Jón Egill Jónsson fór yfir stöðu mála. Félagsstarf hefur legið niðri en vonir eru um að hægt verði að halda viðburði þegar eldri borgarar hafa verið bólusettir. Félag eldri borgara mun halda aðalfund fljótlega og fara yfir stöðu mála.*

*Félagsstarf félags eldri borgara hefur legið niðri á sumrin en skoðaðir verða möguleikar á því að ýta undir sumarstarf ef hægt er.*

## **5. Umsókn um styrk vegna aukins félagsstarfs fullorðinna vegna COVID 19.**

Ragnheiður Pálsdóttir kynnti styrki á vegum félags- og barnamálaráðuneytisins. Hægt er að sækja um viðbótarframlag til ráðuneytisins vegna aukins félagsstarfs fullorðinna. Öldungaráð hvetur sveitarfélögin til að sækja um.

## **6. Önnur mál.**

Eitt mál barst.

Erindi frá Strandabyggð. Þeir hafa áhuga á að ganga inn í öldungaráð Dalabyggðar og Reykhólahrepps. Málið lagt fram til kynningar og fer í formlegt ferli.

Fundi slitið kl. 10:45